

ir búsin til „staðgreiðsluverðs“, sem sé lægra en nafnverð þeirra. Ekki verður á það sjónarmið fallist, enda ekkert fram komið, sem bendi til þess, að tók væru á að greiða skuldirnar eða hluta þeirra með lægri fjárhæðum en nafnverði þeirra nam.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um aðrar eignir búsin en að framan greinir, svo sem innanstokksmuni, búshöld og því um líkt, og ekki er fram komið, hvernig skiptum slíkra muna var háttað.

Verður af gögnum málsins ekki nákvæmlega séð, hverjar raunverulegar eignir og skuldir búsin voru, þegar aðiljar skildu að borði og sæng, og af þeim verður eigi talið fram komið, að stefnandi hafi borið það skarðan hlut frá borði við búskipti þeirra hjóna, að ógildingu varði samkvæmt þeim lagagreinum, sem stefnandi vísar til, en eins og fram er komið, gætti Ragnar Seinbergsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna stefnanda við samningsgerðina, og hér fyrir dómi hefur hann borið, að honum hafi verið kunnugt um kaupsamning stefnda við Sigmar Eiríksson og að hann telji, að skuldir stefnda hafi verið sannreyndar nema skuld við föður hans, kr. 500.000, og hafi niðurstaða samkomulagsins verið sanngjörn að sínu mati.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigrúnar Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1983.

Nr. 186/1980. **Einar Flygenring og  
Sigurður Flygenring**

(Ólafur Þorláksson hrl.)

gegn

**Óla Matthíasi Einarssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. október 1980. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá og með þinghaldi 1. júlí 1980 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til þrautavara krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda. Þeir krefjast í öllum tilvikum málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða doms, að frádregnum 20.000.00 nýkrónum, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjandinn Sigurður Flygenring varð lögráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti segir, að áfrýjandinn Einar hafi flust frá Barónsstíg 23, áður en héraðsdómsstefnan var birt. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, þar sem segir, að áfrýjandinn Einar hafi verið skráður til heimilis að Hringbraut 71 í Reykjavík frá 1. mars 1980 til 3. júlí 1981, en þar áður hafi hann verið skráður á Gaukshólum 2 í Reykjavík.

Þar sem áfrýjandinn Einar Flygenring var samkvæmt vottorði Manntalsskrifstofu Reykjavíkur skráður til heimilis að Hringbraut 71, þegar héraðsdómsstefnan var birt, og ósannað er, að hann hafi búið á Barónsstíg 23 á þeim tíma, var birting stefnu á hendur honum þar ekki fullnægjandi að lögum, sbr. 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjendum 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Óli Matthías Einarsson, greiði áfrýjendum, Einari Flygenring og Sigurði Flygenring, 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júlí sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. mars 1980, af Óla Matthíasi Einarssyni, Álftamýri 50, Reykjavík, gegn Einari Flygenring, Barónsstíg 23, Reykjavík, persónulega og vegna ófjárráða sonar hans, Sigurðar Flygenring, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- a) Að viðurkennt verði réttmæti riftunar stefnanda á kaupum á trillubátnum Hringi á grundvelli riftunarbréfs, dags. 20. júní 1979, þannig að stefndu verði gert að endurgreiða að óskiptu kaupverðið, kr. 2.500.000 með 19% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 1.600.000 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. október 1979, með 27% ársvöxtum af 2.500.000 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu eða söluverðmæti hans samkvæmt uppgjöri.
- b) Að stefndu verði gert að greiða óskipt skaðabætur til stefnanda að fjárhæð kr. 683.330 með 22% ársvöxtum af kr. 348.330 frá 1. júní 1979 til 1. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 683.330 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. febrúar 1980, með 31% ársvöxtum af kr. 923.330 frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.
- c) Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með kaupsamningi, dags. 6. mars 1979, hafi stefnandi keypt trillubátinn Hring af stefndu. Kaupverðið hafi verið kr. 2.500.000, sem stefnandi hafi greitt með kr. 600.000 þá þegar, en eftirstöðvarnar samkvæmt tveimur víxlum samtals að fjárhæð kr. 1.900.000. Annar víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 1.000.000 með gjalddaga 10. júlí 1979, en hinn hafi verið að fjárhæð kr. 900.000 með gjalddaga 15. október 1979. Stefnandi hafi gefið út tryggingarbréf, dags. 6. mars 1979, með veði í íbúð sinni að Álftamýri 50 hér í borg til tryggingar víxilskuld þessari. Stefnandi hafi skoðað bátinn á floti í Reykjavíkurhöfn, þegar kaup fóru fram. Þegar stefnandi hugðist láta skrá bátinn, hafi hann ekki fengið skráningu, þar sem hann hafi verið mjög vanbúinn. Þau atriði, sem fundið var að og sem jafnframt teljist gallar á bátnum, séu þessi:

1. Enginn innri kjölur er í trillunni, sem þó er lögskylt.
2. Svigbönd bátsins eru aðeins einn svigi, en eiga að vera tveir svigar.
3. Höggvin bönd í framhluta ná ekki lögskilinni þykkt.
4. Tveir botnstokkar í lúkar reyndust þverbrotnir.
5. Bjálkasúð vantaði.
6. Bógband og skutband eru ekki fullnægjandi.
7. Handrið vantar á reisu að framan.
8. Millibil súðarnagla er allt upp í 16 cm, en má mest vera 11 cm.
9. Endurnýja þarf alla raflögn.
10. Rafgeyma þarf að færa.
11. Loka vantar á allar leiðslur, er liggja í gegnum skipssúðina.
12. Setja þarf í bátinn siglingaljós af réttri stærð.

Þá hafi stefndi Einar greint frá því, að stærð trillunnar væri ca 2.8 rúmlestir. Við mælingu, sem Siglingamálastofnun ríkisins hafi framkvæmt hinn 15. maí 1979, hafi hún hins vegar reynt vera 2.01 rúmlest. Þá telji stefnandi, að hann hafi verið beittur svikum af hálfu stefnda Einars, þar sem Einari hafi verið kunnugt um, að trillubáturinn hafi ekki getað verið burðarmeiri en 2.5 rúmlestir, og því gefið stefnanda visvitandi rangar upplýsingar um stærð bátsins.

Þegar hinn 20. júní 1979 hafi stefnandi krafist riftunar á kaupunum. Frá þeim tíma hafi stefnandi þurft að annast bátinn, eða í átta mánuði miðað við 20. febrúar 1980. Hæfilegt sé að miða umsjónar- og gæslustörf við kr. 1.000 á dag. Samtals nemi því skuld stefndu vegna þessa, miðað við 20. febrúar 1980, kr. 240.000. Skömmu eftir afhendingu bátsins hafi stefnandi byrjað að lagfæra hann, m. a. að mála hann. Málningarkostnaður nemi kr. 16.330. Stefnandi hafi ætlað að nota bátinn til atvinnurekstrar, þ. e. að stunda á honum handfæraveiðar. Hafi hann sagt upp vinnu sinni hjá Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f í Örfyrisey miðað við 1. maí 1979. Þar sem stefnandi hafi ekki fengið bátinn skráðan, hafi hann ekki komist í vinnu fyrr en í júlímánuði 1979. Stefnandi hafi ætíð búist við, að stefndu væru fúsir á að láta kaupin ganga til baka, og hafi því beðið nokkurn tíma til að fá viðhlitandi svar vegna þeirra krafna, er hann hafi sett fram á hendur þeim. Þá hafi mikill tími farið í það hjá stefnanda að útvega sér annan bát, sem hann gæti stundað handfæraveiðar á. Af þessum sökum hafi hann verið atvinnulaus í tvo mánuði. Tekjutap hans á þessum tíma hafi því numið kr. 690.000. Samtals sé því bótafjárhæðin kr. 923.330.

Stefnandi hefur lagt fram svohljóðandi aðiljaskýrslu:

„Ég undirritaður, Óli Matthias Einarsson, Áltamýri 50, Reykjavík, leyfi mér hér með að gefa svohljóðandi skýrslu um viðskipti mín við Einar Flygenring vegna kaupa á trillubátinum Hring.

Þannig var mál með vexti, að maður að nafni Örn Scheving aðstoðaði

mig við gerð skattaskýrslu ár hvert, enda hef ég þekkt Örn um nokkurt árabíll. Örn rekur Eignaþjónustuna, Njálsgötu 23, Reykjavík, eða er að minnsta kosti starfsmaður hennar. Skömmu eftir áramótin 1978/1979, þegar hann var að aðstoða mig við gerð skattaskýrslunnar, kom þar tali okkar, að ég sagðist hafa áhuga á að kaupa trillubát í því skyni að stunda handfæraveiðar. Spjölluðum við saman um þetta nokkra hrið, og sagði ég meðal annars, að trillan þyrfti að vera að minnsta kosti 3 tonn, svo það yrði hægt. Í þessum viðræðum kom fram, að Örn sagðist einmitt þekkja mann, sem hefði ef til vill áhuga á að selja slíka trillu. Það var um það bil tveimur mánuðum síðar, að Örn hringdi í mig í vinnuna og sagði mér, að þessi maður, sem hann hefði minnst á við mig, væri reiðubúinn að selja trilluna, ef samningar tækjust. Örn sagði, að trillan lægi við bryggju í Reykjavíkurhöfn við hús Slysavarnarfélags Íslands, og mælti hann okkur, þ. e. mér og væntanlegum seljanda, þar mót á tilteknum tíma. Ég fór þarna á staðinn, eins og um var talað, og hitti þar fyrir Einar Flygenring. Ég skoðaði trilluna þarna á staðnum eins og mér fannst eðlilegt, en ég vil þó taka það fram, að ég hef enga sérþekkingu á bátum eða skoðun þeirra eða hvað sérstaklega þarf að gæta að. Eftir þessa skoðun fór ég að spyrja Einar um verðið, og sagði hann, að verðið væri 2.8 milljónir. Ég spurði, hvað báturinn væri gamall, en fékk engin svör við því. Einar sagði hins vegar, að hann vissi ekki nákvæmlega, hvenær hann væri smíðaður, en fullyrti, að trillan hefði verið enduruppbyggð fyrir tveimur árum. Í þessum viðræðum sló ég því fram, hvort ég gæti fengið þessa trillu fyrir 2.5 milljónir. Einar svaraði því til, að venjan væri, að bátar sem þessir færu fyrir milljón krónur tonnið og því hefði hann sett verðið 2.8 milljónir á trilluna. Aftur á móti sagði Einar, að ef ég keypti trilluna strax, þá væri hann reiðubúinn að selja hana á 2.5 milljónir. Ég sagði Einari, að ég ætlaði að athuga þetta frekar, og varð ekki meira úr frekari skoðun eða umræðum um trilluna þarna á staðnum. Mjög skömmu síðar, eða tveimur til þremur dögum síðar, hringdi Örn Scheving í mig og boðaði mig á fund til sín á fasteignasöluna varðandi frekari viðræður um hugsanleg kaup á trillunni. Ég fór á fundinn ásamt konu minni, Láru Jónasdóttur. Þarna var staddur Einar og að sjálfsögðu Örn. Við töluðum um hugsanleg kaup á trillunni. Í þeim viðræðum kom fram, að Einar sagði, að trilluna hefði smíðað Gísli Jóhannsson. Kona mín spurði þá, hvort það kynni að vera Gísli Jóhannsson frá Bíldudal, en ég tek það fram, að kona mín er ættuð þaðan. Einar tók undir það. Við sögðum þá, að ef Gísli hefði smíðað þessa trillu, hlyti hún að vera mjög gömul. Einar endurtók þá, að báturinn væri nýuppgerður eða fyrir tveimur árum. Hefði allt verið tekið upp í bátnum og meðal annars verið skipt um bönd og allt í honum, eins og hann orðaði það. Við þessar upplýsingar taldi ég, að það væri í lagi að ganga til kaupa á trillunni

og að hún væri fyllilega haffær. Eftir þetta var gengið frá kaupunum, eins og samningar bera með sér. Á fundinum með Einari á fasteignasölunni sagði ég, að ég ætlaði að nota bátinn sem atvinnutæki, segja upp vinnu og gera út á skakið og því yrði báturinn að vera alveg í lagi. Einar sagði, að hann væri alveg í fullkomnu lagi og löglegur. Síðar þegar ég ætlaði að fara að skipta um nafn á bátnum, kom í ljós, að báturinn var tonni minni en mér hafði verið sagt auk þeirra atriða, sem skoðunarmennirnir fundu að bátnum. Mér datt ekki annað í hug en að Einar væri fús að láta samningana ganga til baka, þegar þetta kom í ljós. Hann var ófáanlegur til þess, og því leitaði ég til Guðmundar Ingva Sigurðssonar, lögfræðings, mér til aðstoðar. Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan virðist ekki vera hægt að fá upplýsingar hjá Siglingamálastofnun ríkisins, hvenær þessi trillubátur var smíðaður eða hvar. Þá er heldur ekki hægt að afla upplýsinga um, hvort báturinn hefur verið skoðaður áður. Þessar upplýsingar gat ég að minnsta kosti ekki fengið að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Reykjavík 30. júní 1980.

Óli Matthías Einarsson."

Kröfu sína um riftun byggir stefnandi á því, að gallar þeir, sem taldir eru upp hér að framan, séu svo verulegir, að riftunarrétturinn sé tvímæla-  
laust fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt afsali frá stefndu til stefnanda sé stærð trillunnar sögð vera 2.8 rúmlestir. Á dskj. nr. 8, sem er skýrsla Siglingamálastofnunar ríkisins, komi hins vegar fram, að burðarþol trillunnar sé aðeins 2.01 brúttólest. Á dskj. nr. 9, sem sé ljós-  
rit afsals á trillubátnum frá Haraldi Guðbrandssyni til stefndu, megi sjá, ef vel sé að gætt, að upphaflega sé stærð trillunnar skráð 2.5 brúttólestir, en tölunni 5 hafi verið breytt í 8. Greinilegt sé, að hér sé um svik að ræða af hálfu stefnda Einars. Með þetta í huga sé ljóst, að þó svo að gallar þeir, sem upp séu taldir í stefnunni, séu óverulegir, þá sé riftunarréttur fyrir hendi, þar sem svikum hafi verið beytt.

Varðandi skaðabótakröfuna vísist til framlagðra efnisnótna vegna kaupa á málningu á bátinn, samtals að fjárhæð kr. 13.330. Krafa um umsjónar- og gæstlustörf skýri sig sjálf og þarfnist ekki frekari rökstuðnings. Varðandi vinnutekjutapið vísist til dskj. nr. 13, sem er yfirlýsing Sildar- og fiski-  
mjölsverksmiðjunnar h/f varðandi laun verkamanns í verksmiðjunni mánuðina maí og júní 1979. Stefnandi hafi sagt upp vinnu hjá Sildar- og fiski-  
mjölsverksmiðjunni h/f gagngert til þess að stunda handfæraveiðar. Vegna vanefnda stefndu hafi hann orðið fyrir því tekjutapi, sem greini á dskj. nr. 13, eða kr. 690.000. Á dskj. nr. 5, sem er bréf, dags. 11. júní 1979, frá Guðmundi Ingva Sigurðssyni lögmanni til Einars Flygenring, sé boðað,

að trillubáturinn verði seldur fyrir reikning, sbr. heimild í 55. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 34. og 35. gr. sömu laga. Af þessari sölu hafi ekki orðið enn sem komið er.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Með hliðsjón af málsskjölum lítur dómurinn svo á, að gallar á trillubátnum Hringi hafi verið það verulegir, að skilyrði riftunar séu fyrir hendi. Verður því krafa stefnanda um riftun tekin til greina. Í samræmi við dómkröfu stefnanda verða honum dæmdar kr. 683.330 í skaðabætur og vextir þar af. Dómvextir dæmast eigi, þar sem mál þetta er útivistarmál, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979. Frá stefnubirtingardegi dæmast því 31% ársvextir til 1. júní 1980, en frá þeim degi 35% ársvextir til greiðsludags. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málkostnaður ákveðst kr. 370.000

Dóm þennan kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ragnar Bjarnason.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er, að stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, hafi verið heimilt að rifta kaupum á trillubátnum Hring hinn 20. júní 1979. Stefndu, Einar Flygenring og Sigurður Flygenring, endurgreiði stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, að óskiptu kaupverðið kr. 2.500.000 með 19% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 1.600.000 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. október 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 2.500.000 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndu, Einar Flygenring og Sigurður Flygenring, stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, óskipt skaðabætur að fjárhæð kr. 683.330 með 22% ársvöxtum af kr. 348.330 frá 1. júní 1979 til 1. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 683.330 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 370.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.